



5. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026
haldinn fimmtudaginn 6. nóvember 2025, kl. 13.
haldinn í Aðalbyggingu HÍ, stofa: A-230

Fundinn sátu:

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Andri M. Kristjánsson.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, 2. október 2025.
2. Vinnufundur stjórnar 13. október.
3. Samráðsnefndarfundur Fh og HÍ, dags. 4. Nóvember.
4. Sameiningarnefnd Fh, FPR, FHA.
5. Doktorsnemar tþ. frá Katrínu
6. Greiningarsjóður háskólafélaganna.
7. Fréttir af BHM.
8. Önnur mál.

1. Fundargerð, 2. október 2025

Fundargerð stjórnarfundar er haldinn var 2. október var samþykkt með orðalagsbreytingum.

2. Vinnufundur stjórnar, 13. október 2025

Baldvin fór yfir vinnufund stjórnar er haldinn var þann 13. október.

Helstu niðurstöður fundarins um áherslumál vetrarins voru; að áfram skulu unnið að könnun á mögulegum ávinningi á samruna félaganna Fh, FPR og FHA, undirbúningur kjaramála félagsmanna og þáttur nýstofnaðs Greiningarsjóðs í þeirri vinnu.

Í fundargögnum fundarins eru minnispointar af vinnufundinum.

3. Samráðsnefndarfundur Fh og HÍ, 4. nóvember 2025

Baldvin sagði frá samráðsnefndarfundum og fór yfir eftirtalda dagskrárliði:

- Málefni rannsóknalektora, rannsóknadósentra og rannsóknarprófessora vegna rannsóknaleyfis og verklag. Málið er í vinnslu og verður niðurstaða og starfsreglur kynntar fyrir áramót.
- Nýdoktorar. Fulltrúar Fh í nefndinni hefa beðið um upplýsingar um launaröðun hópsins. Samþykkt hefur verið að gögn er snúa að launaröðun verði sett á sameiginlegt "teams" svæði samráðsnefndar og þannig hægt að miðla þeim til frekari úrvinnslu Fh.
- Greiðslur fyrir háskóladaginn. Fulltrúar Fh hafa farið fram á formlegar skýringar á þessu fyrirkomulagi. Fulltrúar HÍ í nefndinni reikna með að geta gengið frá þessu formlega eftir umræðu í fjármálanefnd HÍ.

- Ógreidd yfirvinna í Læknadeild. Upplýsingar um hvernig greiðslum í Læknadeild var háttað haustið 2024 hafa komið fram munnlega og munu koma til félagsins skriflega í framhaldi. Framtíðar vinnsla á þessum málum mun fara í gegnum samráðsnefndar HÍ um kjaramál.
- Laun BS nema í samanburði við laun meistara- og doktorsnema skv. samningum mismunandi stéttarfélaganna í landinu. Fulltrúar Fh fóru fram á skýringar á launamismun milli BS nema á samningum Sameykis og MS/PhD nema hjá Fh. Fulltrúar HÍ tóku að sér að skoða þetta mál.
- Þóknunargreiðslur HÍ. Fulltrúar Fh hófu máls á hvernig þóknunargreiðslum innan HÍ væri háttað. Fulltrúar HÍ munu skoða málið og kynna í nefndinni.
- Magn stundakennslu við HÍ. Fulltrúar HÍ fóru yfir fjölda stundakennara innan HÍ og kostnað Háskólans af því. Nánari greining of niðurbrot milli deilda og sviða var kynnt. Þegar trúnaði af þessari gagnavinnslu hefur verið létt munu þau verða kynnt betur fyrir stjórnarmönnum Fh.
- Samspil kennsluyfirvinnu og yfirvinnu. Þetta mál er í skoðun hjá sameiginlegri nefnd Fh, FPR og HÍ.
- HERA, birting reglna um vinnumatssjóð Fh og nýdoktora, stöðu á flokkun launaviðmiðs vegna skaðvalda. Öll þessi mál eru í vinnslu og vel á veg komin.
- Að lokum lagði Fh áherslu á að nefndin hafi það hlutverk að skoða laun og kjör doktorsnema sbr. 8. lið í viðauka með stofnanasamningi.

4. Sameiningarnefnd Fh, FPR og FHA

Baldvin sagði frá fundi nefndarinnar. Meðal þess sem ákveðið hefur verið er að senda könnun á félagsfólk allra félaganna til að fá fram afstöðu þess til mögulegrar sameiningar félaganna. Stefnt er að því að senda könnunina á þessu ári.

5. Doktorsnemar

Katrín kynnti málið og fór yfir ábendingar sem félaginu bárust frá FEDON, vegna réttinda doktorsnema. Ákveðið var að Félag háskólakennara og FEDON muni senda sameiginlegt erindi til Jafnréttisnefndar HÍ til að vekja máls á samspili veikindaréttar doktorsnema og áhrifa á fæðingarorlof.

6. Greiningarsjóður háskólafélaganna

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöðu fundar framkvæmdarstjóra Fh, FPR og FÍN er eiga aðild að Greiningarsjóðnum. Fundurinn sneri að helstu verkefnum sem sjóðurinn mun beina kröftum sínum að á næstu mánuðum.

7. Fréttir af BHM

Baldvin fór yfir helstu mál er liggja fyrir í nefnd BHM um innri málefni.

8. Önnur mál

Kjaranefnd stendur fyrir vinnustofu um árangur í síðustu kjaraviðræðum og hvað megi helst bæta og þannig undirbúa félögin undir næstu lotu kjaraviðræðna. Ákveðið var að formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri sæki vinnustofuna. Hún verður haldinn 12. janúar frá kl. 15 – 18.

Íris ætlar að finna dag fyrir jólagleði stjórnar.

Fundi lauk kl. 14:15. Næsti fundur verður haldinn 4. desember nk.